

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

59. fundur.

Priðjudaginn 11. nóvember 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2009.
3. Málefni Fjölbrautarskóla Norðurlands-vestra.

4. Fundargerðir:
 - a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 23. okt. 2008.
 - b) Hveravallafélagsins ehf, dags. 5. nóv. 2008.
 - c) Stjórnar SSNV dags. 30. sept. 2008.
 - d) Menningarráðs Norðurlands vestra dags. 14. okt. 2008.
 - e) Menningarráðs Norðurlands vestra dag. 28. okt. 2008.

6. Bréf.
 - a) Frá USAH dags. 14. okt. 2008.
 - b) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 19. okt. 2008.
 - c) Frá Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi dags. 19. okt. 2008.
 - d) Frá Umhverfissráðuneytinu dags. 21. okt. 2008.
 - e) Frá KSÍ dags 24. okt. 2008.
 - f) Frá UMFÍ dags. 29. okt. 2008.

7. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir, undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009, fundarhöld og fl.

2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2009.

Farið var yfir samþykktir um greiðslur og launakjör. Samþykkt var að halda breytingum á gjaldskrá in í lágmarki. Rætt um hækkun á styrk til framhaldsskólanema með lögheimili í sveitarfélaginu. Athugað verður með möguleika á því að mótuneytiskostnaður í Húnavallaskóla verði alfarið greiddur af sveitarfélaginu á vorönn 2009.

3. Málefni Fjölbrautarskóla Norðurlands-vestra.

Miðvikudaginn 5. nóvember kl. 10.00 var haldinn fundur í ráðhúsinu á Blönduósi þar sem Skúli Þórðarson og Guðmundur Guðlaugsson, sem sitja í byggingarnefnd um stækkun verknámshúss við Fjölbrautarskóla Nv., kynntu fyrir fulltrúum þeirra sveitarfélaga á svæðinu sem eiga eignarhlut í skólanum, stöðu mála varðandi fyrirhugaða stækkun á verknámsstöðu skólans og undirbúning við að leggja málið formlega fyrir einstakar sveitarstjórnir. Fram kom að ríkissjóður tekur þátt í byggingarkostnaði við 537 m² húsnæði og miðað við áætlaðan byggingarkostnað reiknast hlutfall ríkissjóðs 60% en sveitarfélaga 40%. Samkvæmt framlögðum byggingarnefndarteikningum þá er áætluð stærð hússins 579 m² og er kostnaður við viðbótarfermetra án þátttöku ríkissjóðs. Í áætlun er reiknað með að heildarkostnaður við

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 59. fundur.

verkið verði 159.399.372 kr, þar af er hlutur sveitarfélaga áætlaður 70.108.515 kr. og þar af hlutur Húnavatnshrepps 2.339.746 kr.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

Undirritaður hefur verið samningur af hálfu Menntamálaráðuneytis og fulltrúa sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um stækkun verknámsaðstöðu Fjölbautarskóla Norðurlands vestra. Fjármálaráðuneytið á eftir að staðfesta samninginn. Hreppsnefnd Húnavatnshrepps staðfestir fyrir sitt leyti samninginn eins og hann liggur fyrir og skal tekið tillit til áætlaðrar kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins að upphæð 2.339.746 kr. í fjárhagsáætlun ársins 2009. Hreppsnefnd gerir þó þann fyrirvara við staðfestingu samningsins, að komi fram misræmi við opnun tilboða í verkið, þar sem niðurstaða útboðs leiðir í ljós hærri framkvæmdakostnað en fyrirbyggjandi samningur gerir ráð fyrir, sé rétt að aðilar setjist yfir samningsmál að nýju, eða falli frá framkvæmdum ella. Enda er það skilningur hreppsnefndar að um þessa málsmeðferð hafi aðilar sammælt við undirritun samningsins. Að öðru leyti hvetur hreppsnefnd til þess að Fjármálaráðuneytið staðfesti samninginn hið fyrsta og að allri hönnun og undirbúningi útboðs verði hraðað sem kostur er, svo hefja megi framkvæmdir sem allra fyrst á árinu 2009.

Hreppsnefnd samþykkti bókunina samhljóða

4. Fundargerðir:

a) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps dags. 23. okt. 2008.

Samþykkt.

b) Hveravallafélagsins ehf, dags. 5. nóv. 2008.

Á hluthafafundinum var samþykkt að auka hlutafé félagsins um kr. 5.100.000 Oddviti bar fram tillögu um það að Húnavatnshreppur nýtti sér forgagnsrétt að kaupum á nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína í félaginu, samtals að upphæð kr. 3.400.000. og að gert væri ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun ársins 2009. Tillagan var samþykkt samhljóða

c) Stjórnar SSNV dags. 30. sept. 2008.

Til kynningar.

d) Menningarráðs Norðurlands vestra dags. 14. okt. 2008.

Til kynningar.

e) Menningarráðs Norðurlands vestra dag. 28. okt. 2008.

Til kynningar.

6. Bréf.

a) Frá USAH dags. 14. okt. 2008.

Efni: Stjórn USAH óskar eftir styrk frá Húnavatnshreppi fyrir árið 2008, að upphæð 300 þúsund krónur.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að verða við erindi bréfsins.

b) Frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 19. okt. 2008.

Efni: Óskað er eftir fjárstuðningi vegna þeirra verkefna sem framundan eru.

Erindinu var vísað til fjárhagsáætlunar 2009.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 59. fundur.

c) Frá Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi dags. 19. okt. 2008.

Efni: Þar sem Héraðsnefnd hefur verið lögð niður sækir Heimilisiðnaðarsafnið um styrki til hvers sveitarfélags fyrir sig. Sótt er um kr. 862.275 frá Húnavatnshreppi.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og vísar því til fjárhagsáætlun 2009. Hreppsnefnd telur þó eðlilegt að skipting kostnaðar fari eftir íbúafjölda sveitarfélaga. Sveitarstjóra var falið að ræða við önnur aðildarsveitarfélög um kostnaðarskiptinguna.

d) Frá Umhverfisráðuneytinu dags. 21. okt. 2008.

Efni: Varðar utanvegaakstur.
Lagt fram til kynningar.

e) Frá KSÍ dags. 24. okt. 2008.

Efni: Stóraukin framlög KSÍ til barna- og unlingastarfs aðildarfélaga sambandsins.
Lagt fram til kynningar.

f) Frá UMFÍ dags. 29. okt. 2008.

Efni: 36. sambandsráðsfundur UMFÍ sem haldinn var í Stykkishólmi 11. okt 2008, hvetur sveitarstjórnir til þess að standa vörð um íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu nú á viðsjárverðum tímum.
Lagt fram til kynningar.

7. Önnur mál.

Lagt fram til kynningar bréf frá Óbyggðanefnd dags. 28. okt. 2008, varðandi næstu svæði hjá óbyggðanefnd. Svæði 8 hefur verið skipt í tvennt (norður og vestur), nánar tiltekið um mörk Húnavatnssýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sbr. yfirlitskort yfir svæði 8a og 8b. Fram kemur í bréfinu að fjármálaráðherra mun leggja fram þjóðlendukröfur sínar yfir svokallað svæði 8a (Húnavatnssýslur vestan Blöndu) á árinu 2009. Nánari tímasetningar munu liggja fyrir í byrjun ársins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15.20

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Birgir Ingþórsson

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M. Lárusdóttir

Jens P. Jensen